

## Fundargerð fræðsluráðs

160. fundur fræðsluráðs miðvikudaginn 6. maí kl. 15:00 í fundarsal ráðhússins.

### Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður og Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður. Sigrún Waage mætti ekki og boðaði ekki forföll, Ína Björk Ársælsdóttir fulltrúi foreldra og Laura Ann Howser fulltrúi kennara.

**Fundarritari:** G. Kristín Ólafsdóttir

### Dagskrá:

1. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra mætir á fundinn kl. 15:00. Skóladagatal, kennslufyrirkomulag, frístundastarf og starfsmannamál
2. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs mætir á fundinn kl. 15:30. Skóladagatal 2015-2016, þróunarverkefni, Ásgarður forystuhlutverk. Umsókn í Sprotasjóð.
3. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Formaður býður Sigurð Þór Ágústsson velkominn á fundinn. Sigurður gerði grein fyrir fullbúnu skóladagatali 2015-2016. Lítils háttar breytingar á starfsdögum frá fyrri kynningu. Gerði grein fyrir fyrirhugaðri ferð kennara til Þýskalands næsta haust. Sigurður fór vel yfir vinnulotur fyrir næsta vetur. Laura lýsti yfir mikilli ánægju með þær breytingar sem eru í farvatninu. Fræðsluráð samþykkir skóladagatalið samhljóða og lýsir yfir ánægju með þær breytingar sem fyrirhugaðar eru. Sigurði, Lauru og Ínu Björk þökkuð koma á fundinn.
2. Elsa Rut Róbertsdóttir mætir sem staðgengill skólastjóra Leikskólans Ásgarðs. Formaður býður hana velkomna á fundinn. Elsa fór yfir drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2015-2016. Næst var farið yfir þróunarverkefni. Markmið verkefnisins er að efla málþroska og læsi. Þetta er samstarf nokkurra skóla á norðurlandi vestra. Einnig er markmið með þessu verkefni að efla samstarf leik-og grunnskóla. Harpa Hermannsdóttir fræðslustjóri A-Hún. hefur umsjón með verkefninu. Leikskólinn Ásgarður hefur verið valinn til að fara með forystuhlutverk í innleiðingu verkefnisins. Þetta er 2ja ára verkefni. Sótt hefur verið um styrk í Sprotasjóð og hann veittur. Eftirstandandi kostnaður deilist svo niður á skólana. Elsa greindi frá því að von er á heimsókn frá leikskólum á Akureyri til að kynna sér stefnu Leikskólans Ásgarðs. Greindi hún frá því jafnframt að Guðrún Lára Magnúsdóttir hefur verið tilnefnd til að vera fulltrúi leikskólans í starfshóp sem vinnur að tillögum að skipulagi svæðis frá leikskóla að íþróttahúsi. Fræðsluráð lýsir yfir ánægju með þá vinnu sem er að fara af stað varðandi þróunarverkefnið og að Ásgarður hafi verið valinn til að veita því forystu.
3. Önnur mál. Ekkert tekið fyrir í þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:40

---

Magnús Magnússon

---

G. Kristín Ólafsdóttir

---

Valdimar Gunnlaugsson

---

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir